

# Greinargerð

frá Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni  
lögð fram á blaðamannafundi  
8. janúar 2004

Ég vísa afdráttarlaust á bug ásökunum um ritstuld eða óheiðarleg vinnubrögð í bók minni, *Halldór*, sem er fyrsta bindi ævisögu Halldórs Kiljans Laxness. Í þessari greinargerð kemur eftirfarandi fram:

- Ég gat þess skilmerkilega í eftirmála bókar minnar, að ég fléttaði lýsingar Halldórs á ævi sinni inn í frásögn mína. Það lá alltaf fyrir, enda fæ ég ekki séð, að neitt sé athugavert við það í ævisögu hans.
- Ég gat þess líka sérstaklega í eftirmálanum, að ég styddist við rannsóknir Peters Hallbergs, enda var ég ekki að skrifa prófritgerð í bókmenntafræði, heldur læsilega og aðgengilega ævisögu.
- Þar sem ég tók fram í eftirmálanum, að ég nýtti mér þessi rit umfram önnur, taldi ég ekki þurfa að vitna eins oft í þau og önnur rit. Raunar eru í bók minni 127 tilvísanir í æskuminningabækur Halldórs og 84 í verk Hallbergs. Samtals eru 1.627 tilvísanir í bók minni.
- Fjöldmörg dæmi eru um það, að höfundar ævisagna endursegi lýsingar annarra á atvikum og einstaklingum, enda er vandséð, hvernig annars megi skrifa ævisögur.
- Í tilefni af ýmsum ummælum um bók mína hlýt ég að láta þess getið, að fulltrúi fjölskyldu Halldórs Kiljans Laxness las yfir próförk að allri bókinni, þar á meðal tilvísunum. Ég fór eftir nær öllum athugasemdum, sem ég fékk frá honum.
- Strax og ég fór úr landi mánudaginn 22. desember síðast liðinn, hófust harðar árásir á mig í fjölmiðlum. Ég gat ekki svarað fyrir mig. Í þessum árásum eru margvíslegar villur og rangfærslur.

## Ásakanir um ritstuld

Því hefur verið haldið fram í mörgum fjölmiðlum, að ég hafi orðið uppvís að ritstuldi. Ég hafi laumast í verk þeirra Halldórs Kiljans Laxness og

Peters Hallbergs og skrifað þaðan upp heilu kaflana. Þetta er alrangt. Ég segi í eftirmála bókar minnar:

*Ég hef auðvitað haft ómælt gagn af rannsóknum annarra fræðimanna á verkum Halldórs Kiljans Laxness, einkum þeirra Peters Hallbergs í nokkrum ritgerðum og fjórum bindum (Vefarinn mikli, I.-II. og Hús skáldsins, I.-II.) og Eiríks Jónssonar kennara í mörgum greinum og bók (Rætur Íslandsklukkunnar). Halldór hefur sjálfur skrifað fimm minningabækur (Skáldatími, Í túninu heima, Úngur ég var, Sjömeistarasagan og Grikklandsárið), og viðtalsbækur hafa birst um báðar eiginkonur hans (Í aðalhlutverki um Ingibjörgu Einarsdóttur og Á Gljúfrasteini um Auði Sveinsdóttur). Allt þetta efni hef ég reynt að hagnýta mér og fella saman í eina heild, en hef vísað fyrirvörum og athugasemdum í neðanmálgreinar til að trufla ekki hinn almenna lesanda, þótt mér beri auðvitað að gera fræðimönnum skil á forsendum mínum. Meginregla mín var sú að fara eftir Halldóri sjálfum, nema þegar aðrar heimildir taka af skarið um annað, og það gera þær ósjaldan.*

Í eftirmálanum kemur þannig skýrt fram, að ég nýti mér efni úr minningabókum Halldórs og ritum Hallbergs, þótt ég breyti textum eftir þörfum eigin verks. Ég geri hvergi neina tilraun til að leyna því. Raunar tók ég þetta einmitt sérstaklega fram til þess að þurfa ekki að vitna eins oft og ella í þessi rit. Allt tal um ritstuld er því fráleitt.

Nú kunna einhverjir að segja, að minningabækur Halldórs Kiljans Laxness og aðrar lýsingar hans á eigin ævi séu óáreiðanlegar heimildir, enda hafi hann sjálfur varað við að taka þær bókstaflega. Halldór færði bersýnilega stundum í stílinn. Oft hefur hann auðvitað líka misminnt. En á að vísa þessum bókum hans alfarið á bug sem heimildum vegna þess? Ég vildi fylgja skáldinu fast eftir inn í fortíðina, leyfa lesendum að ganga þangað með honum. Þess vegna setti ég mér þá reglu að hafa orð Halldórs fyrir satt, nema þegar aðrar heimildir taka af skarið um annað. Ég reyni með öðrum orðum að meta heimildirnar á gagnrýninn hátt. Því miður hafa ekki allir gert hið sama. Nokkrir bókmenntafræðingar hafa til dæmis tekið það beint upp eftir Laxness, þar á meðal Peter Hallberg og Halldór Guðmundsson, að slitnað hafi upp úr samskiptum skáldsins og kvikmyndafélagsins Metro-Goldwyn-Mayer í Los Angeles, þegar maður að nafni Paul Bern hafi stytts sér aldur, en hann hafði sýnt handritum Laxness áhuga. Þetta getur ekki verið rétt, því að Paul Bern stytts sér aldur 1932, fjórum árum eftir að lokið hafði samskiptum Laxness og bandaríks kvikmyndaiðnaðar.

Þótt ég flétti vitaskuld lýsingar Halldórs Kiljans Laxness á ævi sinni inn í frásögn mína, er það mikill misskilningur, að ég taki upp hrátt eða gagnrýnislaust eftir honum, eins og margir aðrir hafa gert. Ég leiðrétti víða í bók minni missagnir hans og misminni. Til dæmis ruglaði Halldór saman tveimur ábúendahjónum í Laxnestungu á nítjándu öld, en báðar konurnar hétu Sigríður. Hann misminnti líka um tvöfalda jarðarför á Hraðastöðum, segir, að þar hafi verið jarðaðar saman tveggja ára stúlka og önnur á milli tektar og tvítugs, en hið sanna er, að þetta var drengur á fyrsta ári og 23 ára stúlka. Það er ekki heldur rétt, sem Halldór segir á einum stað, að hann hafi beðið af sér kolaverkfallið í Bretlandi 1926. Hann var kominn til Íslands, áður en það skall á. Ég leiðrétti líka ártöl í frásögn skáldsins, en það virðist í minningabókum hafa fært marga atburði unglingsáranna fram um eitt ár. Fjölmargar aðrar leiðréttingar eru í bók minni, þótt lítið fari fyrir þeim, af því að þeim er vísað í neðanmálgreinar til að trufla ekki lesandann. Hitt er annað mál, að ég komst að því í þessari rannsókn, að minningabækur skáldsins eru nothæfar heimildir, þótt treysta verði varlega á þær um beinharðar staðreyndir. Og þær eru stórkostlegar heimildir um hugblæ, andrúmsloft.

Það blasir við öllum lesendum bókar minnar, hvernig ég nýtti mér minningabækur Halldórs Kiljans Laxness og önnur skrif. Þegar ég taldi almennar lýsingar hans á aðstæðum, atvikum og einstaklingum á ævibrautinni eiga erindi til lesenda, færði ég frásögn hans í óbeina ræðu og úr fyrstu persónu (ég) í þriðju persónu (hann) og breytti henni jafnframt eftir þörfum textans. Stundum hagræddi ég frásögninni ekki mikið, stundum meira, allt eftir því hvað átti við. Þegar Halldór var hins vegar að segja frá eigin skoðunum eða sálarlífi, hafði ég orð hans sjálfs óbreytt með stafsetningu hans og auðkenndi þau. Ég tel þessa aðferð betri en þá að fylla blaðsíðurnar með löngum, beinum tilvitnunum. Það á að laga texta að þörfum verksins í stað þess að láta sér nægja að klippa og líma saman efnishlutana og setja utan um þá gæsalappir. Meginverkefnið var að reyna að nálgast Halldór, fylgja honum eftir á lífsleiðinni.

Ég lærði einmitt margt af Nóbelskáldinu í þessu efni. „Það er einkenni á verkum Halldórs Laxness að hann vinnur mjög úr öðrum textum, jafnt útgefnum sem óútgefnum,“ segir Helga Kress í *Sögu* 2001. Frægt er, hvernig Halldór samdi ræðu Rauðsmýrarmaddömunnar í *Sjálfstæðu fólki* upp úr þremur verkum annars fólks og vék raunar mjög litlu við. Hann tók líka heilu kaflana úr dagbókum Magnúsar Hj. Magnússonar upp í *Heimsljósi*. Hann var raunar gagnrýndur fyrir að láta þess ekki getið í fyrstu útgáfu. Ég bendi enn fremur á það í bók minni og hef eftir Eiríki Jónssyni, að kvæðið „Snjógirni“ eftir Halldór er sett saman úr vísum eftir

annan mann. Sá munur er að vísu á ævisöguritara og skáldi eins og Halldóri, að ævisöguritanum eru settar tvennar skorður, sem skáldið er óbundið af: Hann verður að hafa það, sem sannara reynist, ekki aðeins það, sem betur hljómar; og hann verður að geta heimilda. Það gerði ég svo sannarlega, bæði í eftirmála mínum og jafnóðum, eftir því sem þurfa þótti.

## Vinnubrögð ævisöguritara

Þeir, sem fordæmt hafa bók mína, hafa kosið að horfa fram hjá eftirmálanum. Þeir virðast líka hafa lagt á verk mitt mælikvarða lokaritgerðar í bókmenntafræði. En þetta er ekki skólaritgerð, heldur ævisaga handa almenningi, og slík saga þarf að vera aðgengileg, krydduð sögum og stílbrögðum, jafnvel skáldlegu ívafi, sem þó verður að vera stutt heimildum. Verkefni ævisöguritarans er að gæða frásögnina lífi, lýsa aðstæðum og atvikum á þann hátt, að lesendurnir finni af þeim bragð og keim. Ég fór um þetta í smiðju til Halldórs Kiljans Laxness og margra annarra. Raunar gekk ég miklu skemur í skáldlegum lýsingum en margir aðrir íslenskir ævisagnahöfundar. Ég reyndi að temja mér hlutlægan frásagnarhátt í anda Íslendingasagna frekar en huglægan, þar sem beitt er eins konar heilaspuna í stað traustra heimilda. Ég fylgdist með öðrum orðum með Halldóri utan frá. Þó greip ég stöku sinnum til stílbragða úr skáldsögum hans, eins og mér var að sjálfsögðu heimilt. Í því sambandi vil ég benda á, að skáldsögurnar *Innansveitarkronika* og *Brekkukotsannáll*, sem sumir gagnrýnendur mínir hafa minnst á, eru vitanlega ekki traustar sagnfræðilegar heimildir. En skáldinu tekst að skapa í þeim andrúmsloft og lýsa einstaklingum á skemmtilegan hátt, og mér fannst sjálfsagt að sýna því þá virðingu að nýta mér það. Raunar sagði Sigurjón Kristjánsson, sem ólst upp í Mosfellsdal með Halldóri, eitt sinn opinberlega, að margar minningabækur væru varhugaverðari en *Innansveitarkronika*.

Lítum nánar á málið. Ég var að skrifa ævisögu skálds, sem hefur skrifað margt um sjálfan sig, en fáar aðrar heimildir eru til um bernsku hans, þótt gögnum fjölgi síðan mjög, þegar hann eldist. Ég átti nokkurra kosta vö. Einn var að taka texta skáldsins upp óbreyttan á mörgum stöðum og setja innan gæsalappa, en þrjóna eitthvað á milli. Þessum kosti hafnaði ég, þótt ég hefði með honum vissulega tryggt mig gegn ósanngjarnri gagnrýni. Ritið hefði einmitt með þessu orðið klippiverk og ekkert bæst við, til dæmis til leiðréttingar því, sem skáldið sagði af eigin ævi. Annar kostur var að vísa æskuminningum skáldsins á bug sem heimildum. Það hefði falið í sér, að bókin hefði orðið miklu rýrari og síður fróðleg og

skemmtileg. Ég tók því þriðja kostinn, sem var að styðjast við minningabækur skáldsins og aðrar lýsingar þess á aðstæðum, atvikum og einstaklingum, en breyta frásögninni á þann veg, að hún félli að eðli og þörfum bókar minnar. Til þess hef ég fullt leyfi samkvæmt viðurkenndum fræðireglum.

Ég beitti sömu aðferð auðvitað víðar. Þegar ég sagði frá ferð Halldórs til Lourdes í Suður-Frakklandi, studdist ég ekki aðeins við orð hans sjálfs, heldur leitaði upp frásagnir annarra. Ég fann ágæta lýsingu Guðbrands Jónssonar á ferðalagi til Lourdes og felldi inn í frásögnina, en breytti textanum eftir þörfum. Þetta var til þess að bragðbæta frásögnina, draga upp lifandi mynd, skapa hugblæ. Vitaskuld gat ég þessarar heimildar í neðanmálgrein. Ég nýtti mér líka lýsingu, sem ég fann frá öðrum manni, Konrad Simonsen, á komu hans í klaustrið á þeim tíma, þegar Halldór var þar, og á verunni þar. Að sjálfsögðu gat ég þeirrar heimildar í neðanmálgrein. Ég setti líka saman í eina samfellda frásögn margvísleg brot í handriti frá Þórbergi Þórðarsyni um það, þegar Stefán frá Hvítadal tók kaþólska trú fyrir hvatningu Halldórs. Í neðanmálgrein vísaði ég til þessara heimilda. Enn verður að hafa í huga, að ég var að skrifa ævisögu, ekki doktorsritgerð.

## Dæmi af öðrum

Erlendis hafa fræðimenn og ritrýnendur óspart rætt um heimildanotkun í ævisögum og sitt sýnst hverjum. Það vakti til dæmis miklar deilur í Bandaríkjunum, þegar Edmund Morris, margverðlaunaður rithöfundur, tók þann kostinn í ævisögu Ronalds Reagans forseta, *Dutch*, að skapa mann, sem hefði verið vinur og samtíðarmaður Reagans. Mér finnst Morris þar ganga allt of langt og nefni þetta aðeins til að sýna, hversu frjálssar hendur ævisöguritarar telja sig stundum hafa. En auðvitað skrifa menn ævisögur á ólíka vegu. Stundum styðjast þeir við minningabækur. Þannig samdi til dæmis Sigurbjörn Einarsson, prófessor í guðfræði og síðar biskup Íslands, ævisögu Alberts Schweitzers 1955. Einnig má nefna bók frá 1967 eftir Ásgeir Jakobsson rithöfund um Sir Francis Chichester, *Einn í lofti, einn á sjó*, sem er beinlínis samin upp úr minningum kappans. Stundum beita ævisöguritarar hugarfluginu ótæpilega, til dæmis Þórunn Valdimarsdóttir 1992 í bókinni *Snorri á Húsafelli*, þar sem hún tekur margvíslegan fróðleik um lífshætti á þeim tíma og heimfærir upp á söguhetju sína. Guðjón Friðriksson sviðsetur líka ýmislegt í ævisögum þeirra Jónasar Jónssonar frá Hriflu og Einars Benediktssonar.

Það er raunar fróðlegt í þessu sambandi að skoða fyrsta bindi ævisögu Einars eftir Guðjón, sem hann fékk íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir 1997. Guðjón segir á 113. bls.:

*Þar situr Signý fjósakona í hnipri á bekk úti í horni og er að drekka kaffi. Hún er nýkomin úr fjósinu, hnýtt í herðum og köld. Hann hefur ekki fyrr veitt þessari lítilfjörlegu konu sérstaka athygli þó að svo eigi að heita að hún búi undir sama þaki og hann. Í ungæðislegum þótta sínum hugsar Einar með sér hvað Guð hafi meint með því að skapa svona veru. Skyldi hún vita í minningu hvers þessi nótt er heilög haldin?*

Í heimildinni, sem Guðjón hefur, 2. bindi ævisögu Árna Þórarinssonar eftir Þórberg Þórðarson, segir á 131. bls., þar sem Einar Benediktsson hefur orðið:

*Þar situr þá Signý og er nýbúin að drekka kaffi. Ég horfði á hana. Hún var fyrir stuttri stundu komin úr fjósinu, og það var slúð úti, og hún var blaut. Þetta er þó lítilfjörleg persóna, hugsa ég og virði hana fyrir mér, þar sem hún situr í hnipri á bekk úti í horni, köld og rök og hnýtt í herðar. Hvað meinar guð með því að skapa svona veru? Skyldi hún nokkuð vita, í hvers minningu þessi nótt er haldin heilög?*

Texti Guðjóns er ekki innan gæsalappa. Hann tekur hann frá Þórbergi Þórðarsyni (og vísar í hann), en umskrifar eftir eigin þörfum. Ég tel ekkert athugasvert við það.

Tökum annað dæmi úr þessari ágætu verðlaunabók. Guðjón segir á 111. bls.:

*Eitt af gömlu skáldunum, Benedikt Gröndal, svarar þremur vikum síðar með fyrirlestri á sama stað þar sem hann ræðst harkalega á hina nýju raunsæisstefnu í bókmenntum, skort hennar á fegurð og hugsjónum og dálæti hennar á hversdagsleika og sora.*

Í heimild Guðjóns, sem er 1. bindi ævisögu Hannesar Hafsteins eftir Kristján Albertsson, segir á 126. bls.:

*Þá ræðst Gröndal á hina nýju raunsæisstefnu í bókmenntum, skort hennar á fegurð og hugsjónum, dálæti hennar á hversdagsleika og jafnvel sora.*

Hér er textinn mjög svipaður, en engar gæsalappir, enda ekki ástæða til. Guðjón vísar líka hér sem endranær í heimildir sínar.

Tökum þriðja dæmið. Guðjón segir á 186. bls.:

*Ósjaldan ber það við að Einar hefur með sér kampavínsflösku í heimsóknnum sínum til þeirra, allt annað segir hann að sé „slavadrykkur“. Sjálfur drekkur hann sér ekki til vansa en hefur gaman af því að vera veitandi og gleðja aðra. Það er jafnan mannmargt í kringum hann, flestum líður vel í návist hans og menn njóta andríkis hans.*

Í heimild Guðjóns, *Harpa minninganna*, sem Ingólfur Kristjánsson færði í letur eftir Árna Thorsteinssyni, segir á 252. bls., að

*ósjaldan bar það við, að hann hefði með sér kampavínsflösku, allt annað þótti honum „slavadrykkur“. Sjálfur virtist mér Einar þó ekki drykkfelldur á þeim árum, en hann hafði ákaflega gaman af því að vera veitandi og gleðja aðra. ... En það var alltaf mannmargt í kringum Einar, hvar sem hann kom, enda leið mönnum vel í návist hans og höfðu unun af að hlýða á andríki skáldsins.*

Enn er textinn mjög svipaður, þótt ekki sé hann afmarkaður með gæsalöppum. Guðjón vísar sem fyrr til þessarar heimildar.

Ég tel ekkert að þessum vinnubrögðum Guðjóns Friðrikssonar og notaði svipaða aðferð sums staðar í bók minni, þegar það átti við. Ég gæti nefnt mörg fleiri dæmi. Í ævisöguritun er engin ein einhlít regla. Sumir erlendir ævisöguritarar (og flestir íslenskir) láta sér jafnvel nægja að tilgreina heimildir aftast í bókum sínum, en hafa engar tilvísanir. Til dæmis má nefna þúsund blaðsíðna ævisögu Charles Dickens eftir Peter Ackroyd og stutta ævisögu Oscars Wildes eftir Sheridan Morley. Ég fór ekki þá leið, en taldi, að ég gæti sparað mér einhverjar tilvísanir í verk, sem ég tilgreindi sérstaklega aftast. Það kom til dæmis skýrt fram í eftirmála mínum, að ég studdist sérstaklega við hin miklu verk Peters Hallbergs í bók minni. Fráleitt hefði verið að ganga fram hjá þeim, því að Hallberg hefur skrifað manna best og mest um ævi og störf Halldórs Kiljans Laxness. Ég gat sérstaklega verka Hallbergs í eftirmálanum til að fækka einstökum tilvísunum í þau. Í þessu sambandi má benda á, að Hallberg nýtti sér í verkum sínum óprentaða ævisögu Halldórs Kiljans Laxness eftir Stefán Einarsson prófessor. Hallberg minntist á rit Stefáns í eftirmálum sínum, en vísaði fremur sjaldan til þess (aðeins þegar aðrar

heimildir voru ekki tiltækar). Þetta er eðlilegt og sjálfsagt og ekkert við það að athuga, enda fáir fræðimenn samviskusamari en Hallberg.

## Einkennilegt fréttamat

Svo sannarlega væri forvitnilegt að ræða málefnalega vinnubrögð mín og annarra ævisöguritarara. Eflaust er einhverju ábóta vant hjá okkur öllum. Við getum öll gert betur og lært af gagnrýni. En góðu tilefni til fróðlegra rökræðna var snúið upp í herferð gegn mér í fjölmiðlum. Ég fór af landi brott mánudagsmorguninn 22. desember vegna trúnaðarstarfa fyrir alþjóðasamtök. Ég var ekki fyrr horfinn á braut en Gauti Kristmannsson flutti illskeyttan ritdóm um bók mína í Víðsjá Ríkisútvarpsins. Af einhverjum ástæðum var dómurinn sérstaklega boðaður í fréttum hljóðvarpsins næstu klukkutíma á undan. Hlýtur það að vera einsdæmi. Sjónvarpsmenn komu líka í hljóðklefa og kvikmynduðu Gauta að flytja dóminn. Síðan var sérstök frétt í Sjónvarpinu um kvöldið um, að Gauti hefði í dómi sínum gagnrýnt mig harðlega. En er einn harður dómur um bók stórfrétt fyrir sjónvarp? Sama kvöld flutti Páll Baldvin Baldvinsson svipaðan dóm með nánast sömu dæmum og Gauti í Stöð tvö, en var sýnu stóryrtari, og laugardaginn 27. desember birti Helga Kress grein í *Lesbók Morgunblaðsins* með nánast sömu dæmum og þeir Páll Baldvin og Gauti. Síðan gekk ekki á öðru fram í janúar en fréttum um það, að ég hefði verið staðinn að einhverjum stórglæp. Ég var ekki til andsvara, enda hinum megin á hnettinum.

Hér má rifja upp hin hörðu viðbrögð, þegar það vitnaðist síðast liðið sumar, að ég væri að skrifa ævisögu Halldórs Kiljans Laxness. Margir töluðu þá um „boðflennu“ og sögðu, að fyrir mér veki bersýnilega að skrifa níðrit um hið mikla Nóbelskald okkar. Svo var að sjá sem fámennum, en harðskeyttum hópi, sem talið hefur sig hafa einkarétt á íslenskri menningu, hefði verið stórlega misboðið með fyrirætlun minni. Þegar fyrsta bindið kom út, blasti við, að ég hafði reynt eftir megni að láta Halldór njóta sannmælis. Ég hafði ekki stungið undir stól neinu því, sem kunnir að vera honum óþægilegt, en ég hafði ekki heldur reynt að koma á hann höggi. Ég hafði lagt mig fram um að fækka villum og vanda verkið, enda vissi ég vel, að það yrði lesið rækilega yfir. Það er líka komið á daginn, að árásin á mig snýst ekki um, að bók mín sé fjandsamleg Halldóri Kiljan Laxness eða morandi í villum, heldur um hitt, að ég hafi ekki nógu margar tilvísanir í verk Halldórs (og Hallbergs), þótt ég tæki sérstaklega fram í eftirmála mínum, eins og þegar hefur verið sagt, að ég styddist að sjálfsögðu við þau, og vísi mjög oft í þau, 127 sinnum í æskuminningabækurnar, 84 sinnum í verk Hallbergs.



Þetta leiðir hugann að fréttamati fjölmiðla. Hvers vegna er það stórfrétt, ef neikvæður ritdómur birtist um bók mína? Í hópi þeirra, sem voru tilnefndir til bókmenntaverðlauna í flokki fræðirita og verka almenns efnis, voru tveir ágætir kunningjar mínir, báðir prýðilegir rithöfundar. Annar þeirra, Jakob F. Ásgeirsson, hafði í bók sinni, sem var einmitt tilnefnd, harðlega gagnrýnt hinn, Guðjón Friðriksson. Hvers vegna var það ekki frétt? Fyrir nokkrum árum birti ég rækilegan ritdóm í *Skírni* um bókina *Orð í tíma töluð* eftir Tryggva Gíslason, sem hafði hlotið tilnefningu til íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðirita og verka almenns efnis. Ég fann mjög margar villur og sumar meinlegar í þeirri bók. Hvers vegna var það þá ekki frétt? Fyrir aldarfjórðungi birti ég grein í *Morgunblaðinu*, þar sem ég sýndi fram á, að prófessor í Háskólanum hefði í bók tekið upp heila kafla óbreytta úr erlendu verki án þess að geta heimilda. Hvers vegna var það þá ekki frétt?

Í framhaldi af frétt hljóðvarps og sjónvarps um hinn neikvæða ritdóm í Víðsjá var rætt við fólk úr fjölskyldu Halldórs Kiljans Laxness, og fór það stórum orðum um mig, verk mitt og vinnubrögð. Af því tilefni hlýt ég að láta þess getið, að Pétur Már Ólafsson, útgáfustjóri Vöku-Helgafells, fór yfir próförk að bókinni að beiðni fjölskyldunnar. Ég hafði ekkert á móti því, enda vil ég hafa það, sem sannara reynist. Ég kæri mig ekki um nein illindi við fjölskyldu skáldsins, eins og ég hef margtekið fram í fjölmiðlum. Eftir yfirlesturinn gerði Pétur Már nokkrar tillögur um breytingar, aðallega til að stytta beinar tilvitnanir, og fór ég eftir þeim nær öllum. Ég fékk enga athugasemd frá Pétri Má um það, hvernig minningabækur Halldórs og önnur verk hans höfðu verið notuð í bók minni.

## Viðbætur við minningabækur Halldórs

Í grein sinni í *Lesbók Morgunblaðsins* 27. desember segir Helga Kress: „Fyrstu kaflarnir í ritinu eru ýmist útdráttur úr minningabókum Halldórs eða bein endursögn á þeim.“ Þetta er auðvitað ekki rétt, þótt minningabækurnar hljóti eðli málsins samkvæmt að vera ein aðaluppistaðan í þessum köflum. Ég reyndi hvarvetna að auka við fróðleik, eftir því sem við átti, um menn og atvik. Hér skal ég nefna nokkur dæmi, nánast af handahófi, úr fyrstu köflunum:

fróðleikur um sérvitringinn Kristján Jónsson í Melkoti, sem Halldór gerði síðar að söguhetju í Brekkukotsannál,  
fróðleikur um Sæmund holdsveika, sem smíðaði Halldóri kistil,

fróðleikur um Halldóru Álfadóttur, vinnukonu í Laxnesi,  
ummæli Þórbergs Þórðarsonar um Halldór ungan og móður hans,  
frásögn Tómasar Guðmundssonar, áður óprentuð, um fyrstu kynni þeirra  
Halldórs,  
margar sögur um Halldór og skólabræður hans úr menntaskóla, aðallega  
frá þessum skólabræðrum,  
hvert „hið ljósa man“ var í lífi Halldórs,  
fróðleikur um vini og velunnara Halldórs í Danmörku 1919-1920, til  
dæmis hinn merka Aage Meyer Benedictsens,  
fróðleikur um dvöl Halldórs hjá Lars Larsson í Trusta 1920,  
hver leyndist undir nafninu Björn Hannesson í minningabókum Halldórs  
(og Fjallkirkjunnar eftir Gunnar Gunnarsson),  
hvaða kveikja var af æskuslóðum Halldórs að smásögunni um Þórð í  
Kálfakoti,  
hver var fyrirmyndin að Huldu í Barni náttúrunnar,  
hvernig Jóhann Jónsson og Halldór skiptust á skoðunum um skáldskap í  
menntaskóla,  
hvaða stúlku Halldór var trúlofaður árin 1920-1922,  
hvers vegna slitnaði upp úr trúlofun þeirra,  
hver maðurinn var (að öllum líkindum), sem deildi harkalega undir  
dulnefni við Halldór í blöðum 1920,  
hvaða útgerðarmaður ætlaði að greiða götu Halldórs til Grikklands 1920,  
hvers vegna Halldóri var ekki hleypt inn í Bandaríkin 1922,  
hvernig stóð á tímabundnum vinslitum Halldórs og Þórbergs Þórðarsonar  
í ársbyrjun 1922,  
hvað Jóhann Jónsson orti um orðasennu þeirra Halldórs vorið 1922,  
hvaða stúlku Halldór var hrifinn af í Flatey 1921,  
fróðleikur um Sel í Múlasveit, þar sem Halldór dvaldist 1921 og notaði  
síðar í Sjálfstæðu fólki.

Þannig mætti lengi telja. Er þá ótalið, hvað ég sækir í ýmsar bækur um  
þetta tímabil: *Ölfusingar*, *Saga Þorlákshafnar*, *Líf í skáldskap*,  
*Borgfirskar æviskrár*, *Lífsgleði*, *Mánasilfur*, *Saga Íslendinga í*  
*Vesturheimi*, *Í áföngum*, *Kennaratal*, *Hrævareldar*, *Stóð ég úti í*  
*tungsljósi*, *Frá Rauðasandi til Rússía*, *Svo kvað Tómas*, *Kjósarmenn*, *Af*  
*lífi og sál*, *Eins og gengur*, og svo framvegis og svo framvegis. Ekki má  
heldur gleyma fróðleik úr skjalasafni Íslendingafélagsins í  
Kaupmannahöfn, Menntaskólans í Reykjavík, húsvitjunarbókum ýmissa  
sókna og manntali og íbúaskráum í Danmörku og mörgu, mörgu fleira.  
Hver einasti lesandi bókar minnar, sem þekkir líka til minningabóka  
Halldórs, veit, hversu miklu ég bæti við þær, hversu margt ég leiðrétti í  
þeim og hversu ósanngjarn sleggjudómur Helgu er.

## Viðbætur við rannsóknir Hallbergs

Helga Kress segir líka í grein sinni í *Lesbók Morgunblaðsins*: „Rit Hannesar byggist alfarið á rannsóknum Hallbergs og bætir þar engu við sem máli skiptir.“ Þessi ummæli eru auðvitað fráleit. Á meðal þess, sem ég dreg fram í bók minni, er þetta:

fróðleikur um húsakynni og lífshætti í klaustrinu í Clervaux,  
hvað er rétt og hvað rangt í frásögn Halldórs um ýmsa munkka í Clervaux,  
hvaða skýring var raunverulega á fráfalli eins góðvinnar Halldórs í  
klaustrinu,  
hvað Halldór sagði Jóhannesi Jørgensen um Íslendinga,  
hvaða áhrif Konrad Simonsen hafði á *Vefarann mikla frá Kasmír*,  
hvaða hneyksli varð í klaustrinu, eftir að Hallfór fór þaðan,  
með hvaða giftri konu Halldór átti ástarævintýri á Þingvöllum 1924,  
lýsing á trúskiptum Stefáns frá Hvítadal 1924,  
hvernig Þórbergur Þórðarson undirbjó ritdeilu við Halldór 1925, meðal  
annars með bréfum til Uptons Sinclairs,  
hvað er rétt og rangt í frásögn Halldórs af skipi, sem hann missti af og  
fórst í desember 1926,  
hvernig Halldóri tókst félausum að tala sig frá Róm til Sikileyjar vorið  
1925,  
hverjir voru hinir úrkynjuðu vinir Halldórs í Taormina sumarið 1925,  
með hvaða stúlku Halldór var í Kaliforníu 1928,  
fróðleikur um Brynka, sem drepinn var á Laugavegi og Halldór þekkti og  
vitnaði til,  
hvers vegna samskiptum Halldórs og Morgunblaðsins lauk snögglega í  
ársbyrjun 1927,  
vísa um Björn Jónsson ráðherra, sem ekki hefur birst áður (svo að ég  
viti), eftir Hannes Hafstein,  
hvernig ruglast hefur verið í skrifum um Halldór á handritasamkeppni hjá  
Paramount og samskiptum Halldórs við Metro-Goldwyn-Mayer  
kvikmyndafyrirtækið,  
hvaða smásaga birtist 1930, þar sem Halldór Kiljan Laxness er  
söguhetjan,  
gamanvísur frá 1930 eftir Sigurð Grímsson um ævi Halldórs,  
hvaðan Halldór hefur haft söguna um hreindýrstarfinn í *Sjálfstæðu fólki*,  
tilmæli Nonna, séra Jóns Sveinssonar, frá 1930 um, að þeir Halldór kæmu  
hvergi fram saman opinberlega,  
hvernig meiðyrðamálum Halldórs, *Morgunblaðsins* og ýmissa lækna  
1930 lauk,  
tilefnið til kvæðis Davíðs Stefánssonar um loddarann,

hvers vegna skýring Halldórs á því, að hann komst ekki áfram í kvikmyndaheiminum vestan hafs, stenst ekki, hvers vegna Kristófer Torfdal í *Sölku Völku* heitir þessu nafni, hver er rótin (í verkum Jóns Trausta og Þórbergs) að frægri myndni Magnúsar Kjartanssonar um Vilhjálm Þór, hvað Halldóri fannst úr klaustrinu um ýmsa samtíðarmenn sína, til dæmis Þórberg Þórðarson og Kjarval, hvað ábótinn í klaustrinu sagði við Jón Sveinsson um Halldór, hvaða Íslendingur var um skeið í klaustrinu með Halldóri og gat sér miðlungi gott orð, hvað Halldóri fannst um frægan ritdóm Kristjáns Albertssonar um *Vefarann mikla frá Kasmír*, hvað Jóhanni Jónssyni fannst um ritverk Halldórs, Undir Helgahnúk og *Vefarann mikla frá Kasmír*, hverjir voru helstu andstæðingar Halldórs í Íslendingabyggðum í Kanada, hver voru tildrögin að smásögunni „Og lótusblómið ángar ...“, hvert var hið skoplega tilefni til greinar Halldórs um tannhirðu Íslendinga, hvernig samskiptum Halldórs og Uptons Sinclairs var háttað og hvers vegna slettist um skeið upp á venskap þeirra, hvernig því vék við, að Halldór sótti um þularstarf í Ríkisútvarpinu, hvernig háttað var samskiptum Halldórs og Menningarsjóðs, hvað Þórður Sigtryggsson sagði í óprentaðri (og óprentaðri) sjálfsævisögu sinni um ýmsa fastagesti í Unuhúsi.

Þá er hér ótalið, hvað ég sæki í ýmis rit, þar sem minnst er á Nóbelskaldið eða samtíðarfólk hans, blöð og tímarit og skjöl. Þar má nefna bækur Marie Dinesens og Konrads Simonsens, Francis Russells, Pauls Johnsons og Mortens Things, Einars Olgeirssonar, Guðbrands Jónssonar, Jónasar Jónssonar, Guðjóns Friðrikssonar, Páls Ísólfssonar, Matthíasar Johannessens, Thors Vilhjálmssonar, Magnúsar Á. Árnasonar, Rannveigar Schmidt, Sigfúsar Halldórssonar, Guðmundar G. Hagalíns og margra annarra, skjöl kaþólsku kirkjunnar hér og klaustursins í Clervaux, bréfasöfn Uptons Sinclairs, Konrads Simonsens og Jóhannesar Jörgensens, bréfasöfn Ragnars í Smára, Kristins E. Andrésenar og Þórbergs Þórðarsonar, skjöl sýslumannsembætta, Menningarsjóðs, Ríkisútvarpsins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Hér er alls ekki allt nefnt. En það segir ef til vill sína sögu um Laxness-rannsóknir hér að Hallberg gengnum, að bók á Þjóðarbókhöðunni um rithöfundarþing 1936 í Buenos Aires, sem Halldór sótti og talaði á, var enn óuppskorin, þegar ég fékk hana í hendur fyrir ári!

## Ónákvæmni Helgu Kress

Grein Helgu Kress í *Lesbók Morgunblaðsins* er hvorki skrifuð af sanngirni né nákvæmni. Hún gagnrýnir mig fyrir að semja skáldlega lýsingu á gönguferð Halldórs og unnustu hans upp á Esju sumarið 1920. Hún bendir á, að ég nýti mér þar lýsingu Halldórs á gönguferð þeirra Sölku Völku og Arnalds í 20. kafla *Fuglsins í fjörunni*, seinni hluta *Sölku Völku* (Helga segir að vísu 20. kafla Sölku Völku, sem er ónákvæmni). En ég get þessa samviskusamlega. Í neðanmálgrein minni segir: „Hér er skáldað í eyðurnar, því að heimildir eru af skörnum skammti. En auðvitað hafa þau Halldór og Helga farið í gönguferðir út frá Brautarholti, um fjörur og upp á fjall. Stuðst er við Sölku Völku, Fuglinn í fjörunni, 20. k.“ Ég fékk síðan aðstoð Egils Stardals til að lýsa sennilegri gönguleið. En hvað er athugavert við þetta? Þetta er til þess gert að lífga upp á frásögnina. Þetta er stílbragð, til þess ætlað að skapa hugblæ. Því má enn ekki gleyma, að bók mín er ævisaga, ekki doktorsritgerð um þröngt og afmarkað efni.

Helga Kress segir líka í grein sinni: „Þar sem hann t. a. m. fjallar um kvikmyndahandritin endursegir hann svo til orðrétt kafla Hallbergs í Vefarinn mikli I, án þess að annað komi fram en hann hafi farið í frumheimildir og rannsóknin sé eftir hann sjálfan.“ Þetta er ekki rétt og raunar óskiljanlegt, að Helga skuli segja þetta. Í fyrsta lagi sagði Hallberg frá þessu í *Húsi skáldsins*, 1. bindi, en ekki í *Vefaranum mikla*, 1. bindi. Í öðru lagi vísa ég einmitt í þetta rit Hallbergs, *Hús skáldsins*, og aðeins í það, þegar ég segi efnislega frá kvikmyndahandritum Halldórs, sjá 7. nmgr. á 416. bls. bókar minnar og síðan 594. bls. Ég lét eina tilvísun nægja, af því að öllum mátti ljóst vera, að ég sótti þennan fróðleik í bók Hallbergs. Enn minni ég á, að ég tók sérstaklega fram í eftirmálanum, að ég styddist við verk Hallbergs, í því skyni að spara mér tilvísanir í þau.

Helga nefnir tvö dæmi um það, hvernig ég flétta lýsingar Halldórs í minningabókinni *Í túninu heima* á komu sinni þriggja ára í Laxnes inn í frásögn mína. Hún hefði mátt minnast á það, að í þeim rúmlega þriggja blaðsíðna kafla mínum hafði ég tvær tilvísanir í þessa minningabók Halldórs. Ég taldi tvær nægja, þar sem augljóst væri, hvaðan ég tæki efnið. Helga segir líka, að ég hafi ekki lesið smásöguna Júdit Lvoff, þar sem ég geri sömu villu í frásögn af henni og Hallberg. Ég segi, að sveitamaðurinn í sögunni sé af Rangárvöllum, en hann sé úr Borgarfirði. En hér hefur Helga ekki rétt fyrir sér. Í fyrstu útgáfu smásögunnar (1923) lætur Halldór sveitamaðmanninn einmitt vera af Rangárvöllum, en breytti því í síðari útgáfum. Þetta hefði Laxness-fræðingur eins og Helga átt að vita.

Ef til vill hefði ég átt að vitna í síðari útgáfu sögunnar til að gæta samræmis, en aðalatriðið er, að ég gerði enga villu. Síðan leyfir Helga sér að fullyrða, að ég hafi ekki lesið smásöguna, þótt ég ræði um einstakar söguhetjur í henni og varpi fram þeirri tilgátu, að hún eigi sér hliðstæðu eða jafnvel kveikju í smásögunni „Vonir“ eftir Einar H. Kvaran. Helga hefur bersýnilega ekki kynnt sér fyrstu útgáfu smásögu Laxness, og hún treystir því líka, að fólk hafi ekki lesið bók mína.

Helga hefur hins vegar rétt fyrir sér um það, að smávægileg ónákvæmni hefur slæðst inn í frásögn mína af skáldsögunni *Undir Helgahnúk*. Hún er, að kona hafi verið íslensk-bandarísk, þegar hún var íslensk-kanadísk. En er það stórmál? Auðvitað eru einhverjar villur í bók minni. Það eru villur í öllum bókum. Til dæmis ruglast Helga sjálf á nöfnum þeirra Daníels Halldórssonar og Halldórs Daníelssonar í ritgerð í Ritmennt 2002. Ég leiðrétti þessa villu Helgu í neðanmálgrein í bók minni og býst ekki við, að neinn geri það að stórfrétt. Það getur komið fyrir alla. En vegna þessarar smávægilegu ónákvæmni leyfir Helga sér að fullyrða, að ég hafi ekki lesið skáldsöguna *Undir Helgahnúk*, þótt ég ræði um hana í löngu máli og leiti ýmissa fyrirmynda að einstaklingum og atvikum sögunnar. Þessi vinnubrögð Helgu eru ekki frambærileg.

## **Rangfærslur Páls Baldvins Baldvinssonar**

Ritdómur Gauta Kristmannssonar bætti nánast engu við grein Helgu Kress, svo að ég fjölyrði ekki um hann. En ég hlýt að staldra við ritdóm Páls Baldvins Baldvinssonar á Stöð tvö 22. desember. Hann var mjög illa unninn. Páll Baldvin sagði, að í bók minni væri aðeins ein myndörk. En í bókinni eru þrjár myndaraðir, hver átta blaðsíður, eins og allir geta séð, sem bókina hafa lesið. Raunar hafa birst svo margar myndabækur um Halldór Kiljan Laxness, að ekki var þörf á einni í viðbót. Páll Baldvin sagði: „Hér er prentuð einu sinni enn sagan af því að Einar Benediktsson hafi verið dauðadrukkinn á Alþingishátíðinni 1930, sem að Guðjón Friðriksson hrakti fyrir tveimur eða þremur árum í sinni bók.“ Þetta er rangt, eins og sjá má á 514. bls. bókar minnar. Ég segi ekkert um það, að Einar Benediktsson hafi verið drukkinn á Þingvöllum.

Það er auðvitað aukaatriði, að Páll Baldvin sagði, að eftirmáli minn væri dagsettur 12. nóvember, en hann var í raun dagsettur 10. nóvember. Hitt er líka aukaatriði, að Páll Baldvin sagði, að bók mín hefði komið út 10. desember (en þá hélt ég útgáfuhóf í tilefni útkomunnar): Henni var dreift í bókabúðir 29. nóvember. Það er þó furðulegt, að Páll Baldvin skuli gera svo margar smávillur í stuttum dómi á nokkrum mínútum í sjónvarpi.

Hann sagði líka, að ég hefði aðeins unnið að þessu verki frá því í apríl 2002. En í eftirmála mínum sagði ég berum orðum: „Verk þetta ákvað ég að skrifa 23. apríl 2002, þegar Halldór Kiljan Laxness hefði orðið aldar gamall, en áður hafði ég unnið í nokkur ár að rannsókn á ævi, verkum og hugmyndum Halldórs.“ Ég tók það með öðrum orðum sérstaklega fram, að margra ára vinna lægi að baki bókinni. En óneitanlega bera allar þessar villur Páls Baldvins vitni um hroðvirknisleg vinnubrögð hans.

Dæmin af hroðvirkni og ónákvæmni ritdómara minna sýna, að enginn er óskeikull. Ég er það ekki fremur en þessir ritdómarar. En ásakanir á hendur mér um ritstuld og óheiðarleg vinnubrögð standast ekki. Endalaust má deila um það, hvort ég hefði átt að hafa einhverjum tilvísunum fleira í þessu fyrsta bindi mínu af ævisögu Halldórs Kiljans Laxness, þótt þær séu raunar 1627 talsins. En það réttlætir ekki þá herferð, sem rekin hefur verið gegn mér í fjölmiðlum. Hún stjórnast af öðrum og annarlegri hvötum en sannleiksást.